

Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd

Nefndina skipa: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir formaður, Hákon Hákonarson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Birna Tryggvadóttir, Ragnhildur Gísladóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Axel Örn Ásbergsson og Áslaug Pálsdóttir.

Á fyrstu fundum nefndarinnar var farið vel yfir markaðsetningu íslenska hestsins, iðkendafjölda á landsvísu og leiðir til útbreiðslu og nýliðunar.

Fjallað var um félagshesthús og ýmsar birtingarmyndir félagshesthúsa hjá hinum ýmsu hestamannafélögum og í kjölfarið var ákveðið að skrifa niður/ gera handbók um mismunandi leiðir til að halda félagshesthús. Í kjölfarið á þeirri vinnu var mikið fjallað um fjármagnið og leiðir til að fjármagna hestamennsku og þar með styrkjamál.

Farið var ofan í saumana á styrkjamálum Hestamannafélaga og kom bersýnilega í ljós að hestamannafélögum og hestafólki hefur tekist afar illa að sækja styrki í samanburði við önnur íþróttafélög. Nefndin ákvað því að vinna viðamikilið skjal um alla þá styrki sem hestamannafélög geta sótt í og á hvaða tímabilum sækja þarf um styrki. Unnið var út frá hverju hestamannafélagi fyrir sig og hvaða sjóðir eru möguleigir fyrir hvert félag. Öllum formönnum og/eða stjórnnum Hestamannafélaga barst síðan í kjölfarið tölvupóstur með upplýsingum um þá styrki sem félagið hafði tök á að sækja í. Þetta voru styrkir á vegum ríkisins, sveitarfélaga, ungmannahreyfinga, Ranní og ÍSÍ. Eins var kynnt fyrir landsliðinu hvaða sjóðir stæðu til boða fyrir landsliðsmenn og sóttir þeir styrkir sem Landsambandi hestamanna var fært að sækja fyrir hönd knapa. Hugmynd nefndarinnar er að skjalið verði lifandi skjal sem verður uppfært miðað við breytingar.

Næsta verkefni sem nefndin fór í tengdist útbreiðsluþættinum. Nefndin fjallaði um ýmis birtingaform hestamennsku og ýmsar keppnisgreinar og var ákveðið að ráðast í að gera hugmyndaskjal um mismunandi keppnisform, sýningar og fjáraflanir fyrir hestamannafélög. Skoðaðir voru gömul og ný keppnisform, viðburðir og ýmsar hugmyndir fæddust einnig um nýjar skemmtigreinar. Það sem var til umræðu var t.d. veðkappreiðar, Æskan og hesturinn, Reiðhallasýningar, Smalabrautir, Trek, Hestaljósmyndun og margt fleira.

Í kjölfarið á þessu hugmyndaskjali var ákveðið að halda fyrirlestraröð með 5 fyrirlestrum. Fyrirlestrarnir voru teknir upp og munu vera aðgengilegir á síðu LH. Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn í vor og fjallaði um kappreiðar, sögu kappreiða á Íslandi og veðkappreiðar. Efni annara fyrirlestra hefur verið ákveðið ásamt því að finna fyrirlesara og vonast nefndin til þess að næsta nefnd haldi áfram með verkefnið ef áhugi er fyrir því.